



Skipulagsstofnun

Bæjarskrifstofur Hornafjörðar	
Númer:	201709115
Mótt:	22.01.20
Skjalas:	09.23
Dags:	22.01.20
Afger:	Signy

Sveitarfélagið Hornafjörður,  
Hafnarbraut 27,  
780 Hornafjörður

Reykjavík, 17. janúar 2020  
Tilvísun: 201710042 / 3.2

### Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna ferðapjónustu og stakra framkvæmda

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur, með erindi dags. 16. desember 2019, sent Skipulagsstofnun tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem sambykkt var til auglýsingar í bæjarstjórn 12. desember. 2019. Tillagan hefur þegar verið auglýst skv. 31. gr. skipulagslaða með athugasemdafræsti til 3. febrúar 2019.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. 30. október 2019. Meðfylgjandi er skýrsla um ferðamál í sveitarfélagini, dags. 10. apríl 2019.

Í breytingartillöggunni felst að breyta stefnu um gistibjónustu meðfram búskap í kafla 7.1.1, stefnu um samgöngur í kafla 9.1, stefnu um gistibjónustu í íbúðarbyggðum á Höfn í kafla 14.1 auk þess sem sett er fram ný stefnumörkun um stakar framkvæmdir í kafla 30.2. Forsendur breytingarinnar er m.a. mikil fjölgun ferðamanna í sveitarfélagini á síðustu árum.

Samkvæmt skipulagslögum ber sveitarstjórn að senda tillögu að aðalskipulagi og breytingar á því til athugunar Skipulagsstofnunar áður en tillaga er auglýst, eins og nánar er kveðið er á um 3. mgr. 30. gr. laganna. Það var ekki gert í þessu tilfelli og tekur eftirfarandi umsögn mið af að stofnunin hefur ekki áður yfirfarið tillöguna.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði sem bregðast þarf við:

#### Stefna um gististaði í íbúðarbyggðum á Höfn

Í aðalskipulagi er heimild fyrir heimagingingu í íbúðarbyggð á Höfn samkvæmt reglugerð sem hefur verið breytt hvað varðar heimagingingu. Í tillögu að breytingu er gert ráð fyrir að heimilt verði að reka „minna gistiheimili“ í íbúðarbyggðum skv. 4. gr. reglugerðar nr. 1277/2016,

Heimild til að reka gististað árið um kring í öllum húsum í íbúðarhverfum getur haft áhrif á framboð á almennu íbúðarhúsnæði. Þá getur krafa um 0,8 bílastæði innan lóðar á hvert gistiþymi haft veruleg áhrif á götumynd.

Stofnunin telur að gera þurfi betur grein fyrir mögulegum áhrifum á samfélag, t.d. á framboð og eftirsprung eftir íbúðarhúsnæði, ónæði og alág í íbúðarhverfum og á ásýnd. Þá getur verið tilefni til að sett séu nánari skipulagsákvæði um við hvaða aðstæður rekstur gististaða í íbúðarhverfum getur átt við eða eigi ekki við, svo sem út frá staðsetningu í hverfi eða gagnvart megingatnakerfinu og jafnvel setja ákvæði um hámarksfjölda innan hvers hverfis.

**Stefna um stakar framkvæmdir**

Ný stefnumörkun um stakar framkvæmdir er sett fram í nýjum undirkafla, nr. 30.2, í kafla 30 um landnotkunarflokkinn landbúnaðarsvæði. Skipulagsstofnun bendir á að til að auka skýrleika þarf að lagfæra þar sem segir í kafla 30.2, um að fjarskiptamöstur megi reisa í byggð og á óbyggðum svæðum þar sem óljóst er hvað átt er við með byggð. Ef reisa má fjarskiptamöstur viðar en á landbúnaðarsvæðum og óbyggðum svæðum þarf að vera skýrt hvar.

Minnt er á að þegar skipulagstillagan er send Skipulagsstofnun til staðfestingar þurfa að fylgja athugasemdir og umsagnir lögbundinna umsagnaraðila ásamt umsögn sveitarstjórnar um hvernig brugðist hefur verið við þeim í endanlegrí samþykkti skipulagsáætlun.

  
Málfríður K Kristiansen